

GUÐRÚN BRJÁNSDÓTTIR

„RÁÐ HEF ÉG KENND Í KVÆÐI“

Málsháttakvæði Jóns Bjarnasonar í AM 427 12mo

1. Inngangur

Frá fornu fari hafa siðalærdómar verið settir fram í málsháttum eða spakmælum sem ætlað er að kenna fólki að breyta rétt. Málsháttakvæði og spakmælasöfn mynda því ákveðna bókmenntagrein sem á rætur að rekja aftur til fornaldar (Larrington 1993, 1). Textar sem greininni tilheyrja hafa gjarnan reynst langlífir og verið lesnir á ólíkum tímum. Í íslenskri bókmenntasögu eru *Hávamál* sennilega allra þekktustu og vinsælustu málsháttakvæði sem varðveist hafa en þau eru meðal annars geymd í Konungsbók eddukvæða. Annað dæmi um lífseigt málsháttasafn í hinum vestræna heimi eru latnesku kvæðin *Disticha Catonis* sem hafa varðveist allt frá 3. öld eftir Krist. Kvæðin voru notuð við latínukennslu á miðöldum en þóttu einnig fyrirtaks siðalærdómur, enda leiðbeina þau lesendum um æskilega hegðun við ákveðin tækifæri, t.a.m. hvenær eigi að tala og hvenær ekki, hvernig eigi að haga viðskiptamálum og rækta vináttu (Perraud 1988, 83). Sumir málshættir lifa lengur með fólki en aðrir og skiptir þar vafalaust mestu hvort viðhorfin sem í þeim eru fólgin samræmist viðmiðum hvers tíma eða verði úrelt.

Sökum þess að uppruni einstakra málsháttasafna er oftast en ekki óljós geta orðskýringar og túlkanir flækst fyrir lesendum eða þá að textann skortir samhengi í nýju umhverfi (Larrington 1993, 2). Annað einkenni málshátta er að þeim er oft safnað saman úr ólíkum áttum; skrifarar/útgefendur hafa þannig tekið saman málshætti sem fjalla um ólík viðfangsefni á einn stað og því er oft erfitt að átta sig á uppruna málsháttasafna. Ef orðaforði málsháttar eða málsháttasafns varð of torveldur, og jafnvel óskiljanlegur lesendum, gátu menn einfaldlega losað sig við þau erindi sem þeim hugnaðist (Larrington 1993, 3), enda koma málshættir að

litlu gagni ef ekki er hægt að skilja inntak þeirra og boðskap. Eitt helsta einkenni bókmenntagreinarnnar er því hve flæðandi hún er í eðli sínu; skrásetjarar og útgefendur geta safnað saman málsháttum að vild og tekið út þá sem henta þeim ekki lengur. Við rannsóknir á málsháttum mætti því jafnvel líta á uppruna þeirra sem aukaatriði, þar sem oft reynist erfitt að geta sér til um hann, en hins vegar er stöðug endurnýjun þeirra og aðlögun að nýjum samfélögum oft áhugaverðara og jafnframt mikilvægara viðfangsefni.

Af þessum sökum skiptir íslensk þýðing Jóns Bjarnasonar (um 1560–1633) á málsháttasafninu *Disticha Catonis*, sem og dreifing hennar um íslenskt samfélag, talsverðu máli fyrir íslenska bókmenntasögu, einkum vegna þess hve oft kvæðin voru endurtúlkuð á síðari öldum. Alls hafa fjórar ólíkar þýðingar á *Disticha Catonis* varðveist á Íslandi, fyrst undir titlinum *Hugsvinnsmál* á 13. öld (sjá t.d. Frans 2023) en kvæðin voru aftur þýdd á 17. öld af Jóni Bjarnasyni í tveimur ólíkum gerðum (Halldór Hermannsson 1958, xxix) og litlu síðar sneri Bjarni Gissurarson (um 1621–1712) þeim í bundið mál á íslensku. Hægt er að velta fyrir sér hvaða markmið vakti fyrir þýðendunum tveimur; framtak þeirra ber vitni um að málshættir hafi verið lifandi bókmenntagrein og að lærðir menn íslensks samfélags hafi þess vegna talið þörf á að endurnýja tungumál sem þá var orðið torskilið lesendum 17. aldar. Miðlun þýðinganna, svo sem uppskrift einnar þeirra í handritinu AM 427 12mo, gefur enn fremur til kynna að málshættir hafi verið sérstök bókmenntagrein í íslensku samfélagi á 17. öld. Með því að gefa þýðingu Jóns í handritinu og umhverfi hennar gaum er því hægt að fá skýrari mynd af málsháttum sem bókmenntagrein á Íslandi.

Í þessari grein verður fjallað um pappírshandritið AM 427 12mo, sögu þess og notkun með stuðningi af kenningum Kwakkels um framleiðslu- og notkunareiningar. Gerð er grein fyrir þýddum og frumsömdum málsháttakvæðum Jóns Bjarnasonar í handritinu og fjallað um tengsl þess við prentuðu bókina *Hólar Cato* frá um 1620, þar sem þýðing hans á latnesku kvæðunum *Disticha Catonis* er talin hafa birst fyrst á prenti. Jafnframt er latneski frumtextinn til umfjöllunar og tæpt er á kenningum um samband hans við íslensku málsháttasöfnin *Hugsvinnsmál* og *Hávamál*. Með greininni er leitast við að kanna stöðu málsháttasafna í íslensku samfélagi, einkum hlutverk þeirra í handritamenningu síðari alda og við gerð kennsluefnis á 17. öld. Framleiðsla pappírshandrita bauð upp á annars konar tæki-

færi en prentmiðlun og handrit voru því sérstæðari gripir en prentbækur. Birtingarmyndir málsháttakvæðanna í AM 427 12mo veita innsýn í bókmenntagreinina sem slíka og með því að rýna í byggingu handritsins má öðlast nýtt sjónarhorn á textana og viðtökur þeirra.

2. Framleiðslu- og notkunareiningar AM 427 12mo

Pappírshandritið AM 427 12mo, sem ritað var á 17. öld og er nú varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík, inniheldur annars vegar íslenska þýðingu á miðaldakvæðunum *Disticha Catonis* og hins vegar frumorta sálma og kvæði. Forvitnileg spássiuteikning af því sem túlkað hefur verið sem fljúgandi furðudiskur leiddi síðar til þess að handritið hlaut viðurnefnið „UFO-handritið“ (*Morgunblaðið* 1967). Eins hafa nöfn verið rituð á auðar síður handritsins sem gefa vísbendingar um eigenda- og notkunarsögu þess, eins og síðar verður vikið að. Handritið er í góðu ástandi og nokkuð auðlæsilegt, að undanskildum einstaka blöðum sem hafa skemmt að hluta.

AM 427 12mo er gert úr 118 pappírslöðum og skiptist í sjö hluta sem áður voru bundnir saman í eina bók en hafa í nýlegri viðgerðum verið skildir að og endurbundnir í sjö hlutum. Auk þeirra hafa tveir áttblöðungar varðveist með handritinu. Skýra má samsetningu handritsins í ljósi kenninga Kwakkels um framleiðslu- og notkunareiningar (e. *production and usage units*) (2002, 12–19). Hugtökin setti hann fram til að lýsa betur flóknum uppruna miðhollenskra handrita frá Rookloster sem safnað var á tímabilinu 1450–1500. Mörg þessara handrita eru samtíningur, gerður úr nokkrum hlutum sem eru ólíkir innbyrðis að því leyti að sumir þeirra eru stakar arkir (e. *individual booklets*) en aðrir eru nokkurs konar arkaklasar (e. *small groups of booklets*) sem geta verið úr að hámarki fimm örkum; með öðrum orðum eru þessir klasar þess vegna „bækur inni í bókum“ (Kwakkel 2002, 13). Grundvallarmunur er á stakri örk og arkaklasa og Kwakkel þótti vöntun á hugtaki sem næði utan um slíka klasa. Því lagði hann til hugtakið *framleiðslueiningu* (e. *production unit*) sem vísar til klasa af örkum sem mynda efnislega heild við framleiðslu.

Greina má framleiðslueiningar að með því að skoða breytileika þeirra á milli, svo sem stærð, skrift og blek. Kwakkel bendir jafnframt á að hægt sé að skoða merki um skiptingu framleiðslueininga með því að skoða

hvar griporð sé að finna í handritinu en ef þau eru notuð í einingunni sést greinilega hvar hverri einingu lýkur þar sem griporð er ekki notað á síðustu blaðsíðu hverrar einingar. Aðrar vísbendingar um það sem mætti kalla skil (e. *caesurae*) tveggja framleiðslueininga geta til dæmis verið nýjar rithendur, breytingar á lit bleksins eða línubili (Kwakkel 2002, 13) en slík atriði eru þó ekki nauðsynleg forsenda þess að um skil sé að ræða. Lykilatriðið er að framleiðslueining sé búin til í *einni beit* því að fleiri en einn skrifari gat komið að gerð einnar framleiðslueiningar. Þegar um skil er að ræða er vanalega hægt að greina nokkur ólík atriði samtímis sem styðja við þá greiningu.

Framleiðslueining er áþreifanlegt fyrirbæri en hugtakið notkunareining (e. *usage unit*) er aftur á móti huglægt fyrirbæri, nýtt til að skýra á hvaða hátt framleiðslueining var notuð, ýmist stök eða með öðrum framleiðslueiningum (Kwakkel 2002, 14). Ef nokkrar framleiðslueiningar voru notaðar saman mynduðu þær því eina notkunareiningu. Hins vegar gátu notkunareiningarnar breyst í tímans rás; framleiðslueiningar sem notaðar voru í sameiningu voru þá e.t.v. skildar að og notaðar hver í sínu lagi eða þá að framleiðslueiningar voru sameinaðar. Í þessu samhengi talar Kwakkel um ólík notkunarskeið (e. *usage phases*) hverrar framleiðslueiningar: einu skeiði lýkur og nýtt hefst í hvert sinn sem breyting verður á notkun framleiðslueininganna.

Ef þessum kenningum er beitt við greiningu á AM 427 12mo liggur beinast við að skipta handritinu í framleiðslueiningar út frá stærð þar sem munur á tölflöðungahlutunum sjö er greinanlegur; þó að hann sé aðeins smávægilegur sést þó greinilega að hlutarnir hafa verið skornir hver fyrir sig. Áttblöðungarnir tveir eru hins vegar frábrugðnir hinum hlutum handritsins í broti. Blöðin í þeirri einingu eru jafnframt talin sérstaklega, þ.e. blöð hinna eininganna eru tölusett 1–118 en áttblöðungarnir tveir eru merktir með númerunum 1 og 2. Í handritinu má finna griporð sem styðja enn fremur við þá kenningu að tölflöðungunum megi skipta í sjö framleiðslueiningar þar sem griporð er aldrei að finna á öftustu síðum hverrar einingar. Það eru því að minnsta kosti tvö atriði sem styðja við þá kenningu að um skil sé að ræða hverju sinni og að skipta megi handritinu upp í átta framleiðslueiningar: annars vegar stærð blaðanna og hins vegar notkun griporða.

Fyrsta framleiðslueining handritsins AM 427 12mo inniheldur þýðingu á málsháttakvæðunum *Disticha Catonis* en hinar sjö innihalda að mestu

leyti sálma og trúarlegan kveðskap. Það má því hugsa sér að hver framleiðslueining um sig hafi í upphafi átt sér sérstæða sögu sem tengdist notagildi hennar. Þannig hafi fremsta einingin í handritinu, sem inniheldur þýðingu á *Disticha Catonis*, ef til vill verið ætluð til kennslu en hinar einingarnar til söngs. Framleiðslueiningar handritsins eru þá alls átta talsins, sjö þeirra úr tólflöðungum og eitt úr áttblöðungum, en notkunareiningar eru hugsanlega tvær, annars vegar fyrsta framleiðslueiningin sem inniheldur *Disticha Catonis* og hins vegar hinar sjö framleiðslueiningarnar sem innihalda sálma og kvæði.

Tafla 1. Framleiðslu- og notkunareiningar AM 427 12mo

Framleiðslueining	Notkunareining	Blöð
1	A	1r–17v
2	B	18r–77v
3	B	78r–83v
4	B	84r–85v
5	B	86r–113v
6	B	114r–115v
7	B	116r–118v
8	B	1r–2v



Þessi greining á handritinu er gagnleg til þess að átta sig á sögu og eðli AM 427 12mo, einkum vegna þess að hægt er að skilgreina handritið sem samtíning, þ.e. samansafn efnis sem kann að vera fengið úr ólíkum áttum og er ekki alltaf auðvelt að tengja saman. Í handritafræðum gætir víða þess viðhorfs að samtíningur sé sundurlaust og jafnvel handahófskennt safn texta, eða eins og Guðrún Ingólfssdóttir orðar það: „Þegar orðið er notað um handrit er ekki laust við að það sé neikvætt, enda má af handritaskránum ráða að ekki liggi heildstæð hugsun að baki efnisskipaninni og að tilgangurinn með skrifunum sé óljós“ (Guðrún Ingólfssdóttir 2011, 23). Athyglisvert er að þó að *Disticha Catonis* sé nokkurn veginn sér á báti í handritinu hefur frumsaminn kvæðaflokkur Jóns Bjarnasonar, *Flokkavísur eða heilræðavísur*, verið skrifaður upp í framleiðslueiningu 2 (39v–61r) innan um sálma. Því er ekki hægt að útiloka að framleiðslueiningarnar hafi verið sameinaðar af þessum sökum og að notkunareiningarnar hafi tekið

breytingum vegna efnislegra tengsla kvæðaflokkanna *Disticha Catonis* og *Flokkavísna eða heilræðavísna*; báðir flokkar heyra til málshátta auk þess sem Jón Bjarnason er þýðandi og höfundur þeirra beggja.

Kenningar Kwakkels um framleiðslu- og notkunareiningar hjálpa til við að lýsa samsettu handriti á borð við AM 427 12mo á skipulegan hátt; þær gera ekki ráð fyrir að samsetning slíks handrits sé tilviljunarkennd heldur miklu fremur flókin og marglaga. Þess vegna er lykilatriði að beina sjónum að hinu „smáa“, svo sem griporðum, blaðsíðutali, skrift og línubili sem og að skoða hve margar notkunareiningar eru í handritinu með það að leiðarljósi að teikna upp skýrari heildarmynd af sögu þess og tilurð.

3. Ferill AM 427 12mo

Þó að erfitt sé að tímasetja einstaka hluta handritsins liggur beinast við að marka upphaf sögu þess við ártalið 1638 sem ritað er fremst í fyrsta hluta neðan við titil þýðingarinnar á *Disticha Catonis* og ártalið getur því talist neðri tímamörk AM 427 12mo. Með handritinu hefur varðveist seðill sem á stendur „Landskrifarans Sigurðar Sigurdssonar“. Í *Katalog* Kristians Kálunds frá 1889 (476), sem er skrásetning á handritasafni Árnasafns í Kaupmannahöfn, segir að seðillinn hafi verið ætlaður Árna Magnússyni, þá væntanlega honum til upplýsingar. Hér er að öllum líkindum átt við Sigurð Sigurdsson (1679–1745) sem starfaði sem sýslumaður í Kjósar- og Kjalarneshreppi og gegndi embætti Alþingisskrifara á tímabilinu 1700–1727. Erfiðara er að tímasetja áttblöðungana og hvenær þeir urðu hluti af handritinu. Vel kann að vera að Sigurður hafi afhent þá samhliða tólfblöðungunum án þess að þeir hafi átt neitt sérstakt sameiginlegt fyrir utan að vera geymdir á sama stað.



Blöð 1r (efri mynd) og 4v (neðri mynd) í AM 427 12mo. Á báðum myndum má greina nafnið „Jóakim Oddsson“ neðan við meginmálið, ritað með annarri hendi og annars konar bleki. Ljósmyndari: Sigurður Stefán Jónsson.

Á blöðum 1r og 4v má greina nafnið „Jóakim Oddsson“, sem í báðum tilfellum er ritað neðst á síðuna undir meginmálum. Í Íslendingabók er aðeins einn Jóakim Oddsson skráður en sá var fæddur 1625 og er dánardagur hans óþekktur. Móður Jóakims er ekki getið í Íslendingabók en faðir hans, Oddur Helgason (f. um 1600), var langyngsta barn föður síns, Helga Torfasonar (1550–1639), sem var bóndi í Höfn í Melasveit, Borgarfirði. Í *Borgfirzkum æviskrám* er sagt um Odd að hann „átti skilgetin börn, er þó 1642 á framfæri Teits hálfbróður síns“ (Aðalsteinn Halldórsson o.fl., 1975, 385). Ekki er ólíklegt að þessir borgfirsku bræður, Teitur og Oddur, hafi búið áfram í Höfn í Melasveit og Jóakim Oddsson, sem ritaði nafn sitt í handritið, hefur því að öllum líkindum fæðst og alist upp á sama stað.

Þó að svo gott sem ekkert sé vitað um ævi og störf Jóakims og föður hans, Odds, voru þeir náskyldir séra Jóni Þorsteinssyni píslarvætti (1570–1627). Hann var veginn í Tyrkjaráninu svokallaða árið 1627, þá búsettur í Vestmannaeyjum. Jón var hálfbróðir Helga (f. um 1550), föður Odds, og voru þeir sammæðra. Faðir Jóns, Þorsteinn Sighvatsson (f. um 1530) var bóndi í Höfn í Melasveit og seinni eiginmaður Ástríðar Eiríksdóttur (f. um 1530). Torfi Brandsson (f. um 1520), faðir Helga og fyrri eiginmaður Ástríðar, var einnig bóndi í Höfn í Melasveit. Því má ætla að hálfbræðurnir

Helgi Torfason og Jón Þorsteinsson hafi báðir alist upp í Höfn í Melasveit en Helgi var um tuttugu árum eldri en Jón. Helgi bjó áfram í Höfn þegar hann komst til ára sinna og gerðist síðan bóndi þar. Því er ekki fráleitt að ímynda sér að þessir hálfbræður hafi þekkt vel og að Jón hafi alist upp í námunda við eldri bróður sinn, Helga.

Jón Þorsteinsson píslarvottur var því afabróðir Jóakims Oddssonar, þess sem ritaði nafn sitt á tveimur stöðum í AM 427 12mo. Tengingin er sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að allmargir sálmar í handritinu eru ortir af Jóni og raunar eru flestir sálmarnir sem hafa nafngreindan höfund eignaðir honum. Því er þegar komin ástæða til þess að ætla að sálmaval þess sem setti saman handritið sé ekki með öllu handahófskennt. Jóakim ritaði reyndar nafn sitt á fyrstu síður fyrstu framleiðslueiningar handritsins, sem geymir *Disticha Catonis* í þýðingu Jóns Bjarnasonar, og enn fremur má benda á að tengslin við Jón Þorsteinsson tengir framleiðslueiningarnar efnislegum böndum; annars vegar hefur sonarsonur bróður hans ritað nafn sitt í fyrstu framleiðslueininguna, og hins vegar hafa sálmar eftir hann verið skrifaðir upp í hinar framleiðslueiningarnar.

Þó að varasamt sé að leggja mikið upp úr einstökum áletrunum og teikningum í handriti er mikilvægt að líta ekki fram hjá slíkum smáatriðum enda geta þau sannarlega haft áhrif á verðmæti og afdrif handritsins. Blað 46r er sérlega mikilvægt þegar kemur að sögu AM 427 12mo og almennum áhuga á því en það geymir teikningu sem leiddi til blaðaumfjöllunar um handritið í Danmörku og á Íslandi á 20. öld. Þann 25. janúar 1967 birtist frétt í *Morgunblaðinu* með fyrirsögninni „Fljúgandi diskur á miðöldum.“ Með henni var birt ljósmynd af bl. 46r í AM 427 12mo og fréttin boðaði stórtíðindi:



Það má til tíðinda telja í handritamálinu, að á handriti nr. 2507 AM 427, 12 mo frá 1638, hafa nokkrir fróðleiksfúsir Danir fundið fábrotna teikningu, sem þeir telja að sé af fljúgandi disk.

(Fljúgandi diskur á miðöldum 1967)

Bent er á að þar sem handritið innihaldi sálma og kvæði að meginhluta stingi þessi sérkennilega teikning í stúf við umfjöllunarefnið og geti varla átt við það. Í fréttinni er síðan útskýrt að teikningin minni á „Adamski-diskinn“ sem vísar til hins pólsk-bandaríska George Adamski (1891–1965)

en hann birti ýmislegt myndefni sem átti að sýna fljúgandi furðudiska. Ein frægasta mynd hans af fljúgandi diskum reyndist fölsuð (Moseley og Pflöck 2002, 69) en þrátt fyrir það var diskurinn áfram vinsælt umfjöllunarefni á meðal áhugamanna um fljúgandi furðuhluti; höfundur ofangreindrar fréttar *Morgunblaðsins* virðist til dæmis ekki hafa sett neinn sérstakan fyrirvara á trúverðugleika Adamski.

Áletrunin sem fréttin vísar í ætti þó alls ekki að vera ráðgáta — en ef sú er raunin skal gátan hér með leyst. Á blöðum 39v–61r hafa *Flokkavísur eða heilræðavísur* Jóns Bjarnasonar verið skrifaðar upp. Áletrunin neðst á síðu 46r er fjórða orð annars erindis annars flokks, „róm“, en fyrstu tvær línurnar hljóða svo: „Raust réttlætis fyrsta / róm þann hefur í dómi“ (*Vísnaþók Guðbrands*, 425). Orðið er hins vegar ritað undir leturfleti en ástæða þess er sú að því hefur verið ætlað að vera griporð og þess vegna er það einnig ritað í fyrstu línu á næstu síðu. Svo virðist sem þríhyrningur hafi verið dreginn utan um orðið en það er aðferð sem skrifarinn notar á flestum síðum þar sem griporð eru á annað borð notuð.



Blað 42r (til vinstri) og 46r (til hægri) í AM 427 12mo. Á 42r er griporðið „villast“ rammað inn af þríhyrningslögudu formi. Á 46r er hinn meinti furðudiskur og griporðið „róm“. Ljósmyndari: Sigurður Stefán Jónsson.

Það sem greinir teikninguna á bl. 46r frá öðrum sambærilegum teikningum í handritinu er að línurnar eru ekki samfelldar heldur gerðar úr punktum. Eins eru kúlurnar þrjár neðan við formið sjálft enn óútskýrðar. Mögulegt er að skrifarinn hafi hér látið listrænt frelsi ráða för og brugðið á það ráð að skreyta rammann um flettiorðið með litlum hringjum. Hvað nákvæmlega vakti fyrir skrifaranum skal þó ósagt látið og í þessari grein verður ekki lögð nein sérstök áhersla á að rengja kenningar danskra FFH-rannsóknarmanna frá ofanverðri 20. öld.

4. *Disticha Catonis* í íslenskum bókmenntum

Latnesku kvæðin *Disticha Catonis* voru ein vinsælustu spakmæli miðalda á Vesturlöndum og vitað er að þau voru notuð í kennslu víða um Evrópu. Talið er að kvæðin hafi verið rituð á 3. öld e.Kr. en fyrstu þekktu heimildina um tilvist þeirra má finna í bréfi frá Vindicianusi til Valentinianusar keisara við lok 4. aldar (Tuvestrand 1977, 7). Höfundur kvæðanna er óþekktur; þó að titill þeirra geti útlagst sem „Heilræði Catós“ eru þau aðeins kennd við Cato í einu af þeim fjölmörgu handritum sem varðveita textann og í seinni tíð voru þau stundum bendluð við Rómverjann M. Porcius Cato Censorius (Cato gamli eða eldri, 234–149 f.Kr.) án þess að nokkur augljós tengsl við hann væru til staðar (Tuvestrand 1977, 7). Sá mikli fjöldi handrita sem kvæðin hafa varðveist í, ásamt því hve mörg tungumál þau voru þýdd á, vitnar um ótvíræðar vinsældir og útbreiðslu þeirra og ljóst er að þau hafa þótt eiga erindi við almenning. Þó að þau hafi einkum verið notuð við latínukennslu virðist mönnum hafa þótt brýnt að þýða þau yfir á þjóðtungur til þess að boðskapurinn kæmist hvað best til skila. Kvæðin eru kölluð *disticha* vegna þess að þau eru tvílinungar, þ.e. hvert erindi er tvær línur sem ortar eru undir hexameturskætti.

Fyrsta íslenska þýðing kvæðanna sem varðveist hefur, *Hugsvinnsmál*, hefur að öllum líkindum verið samin á 13. öld og er ort undir ljóðahætti (Tuvestrand 1977, 7, sjá einnig Frans 2023). Þýðingin lifði sjálfstæðu lífi og er talin sýna ýmis einkenni sem minna á annan forníslenskan kveðskap, svo sem *Hávamál*.¹ Alls hafa fjórar ólíkar þýðingar á *Disticha Catonis* varðveist á Íslandi en eins og fram hefur komið voru kvæðin þýdd að nýju á 17. öld, fyrst af Jóni Bjarnasyni (um 1560–1633) og síðar af Bjarna Gissurarsyni (um 1621–1712) (Halldór Hermannsson 1958, xxix). Jón Bjarnason orti tvær ólíkar þýðingar á kvæðunum og voru þær prentaðar á Hólum árið 1620 í ritinu *Hólar Cato* sem inniheldur einnig latnesku frumútgáfuna. Síðari þýðing Jóns hefur varðveist í nokkrum handritum en að AM 427 12mo undanskildu eru þau að meginhluta frá 18. öld. Halldór Hermannsson (1878–1958), sem var íslenskur fræðimaður og bókavörður á Fiskesafninu í Cornell-háskóla í Bandaríkjunum, bjó *Hólar Cato* til útgáfu í ritröðinni *Islandica* og var hún gefin út af háskólabókasafni Cornell árið

1 Til eru ýmsar kenningar um tengsl málsháttakvæðanna tveggja. Klaus von See (1981, 27–44) hefur t.a.m. haldið því fram að *Hávamál* séu ort undir áhrifum frá *Hugsvinnsmálum*.

1958. Halldór birti auk þess þýðingu Bjarna Gissurarsonar sem viðauka við *Hólar Cato*.

Eins og gefur að skilja urðu til fjölmargar útgáfur og afbrigði af *Disticha Catonis* allt frá því að útbreiðsla þeirra hófst á 3. öld e.Kr. Færð hafa verið rök fyrir því að *Hugsvinnsmál* byggi á útgáfu sem kölluð er *Vulgata* en fjölmörg erindi íslensku þýðingarinnar virðast samsvara þeirri gerð (Alexander 1931, 112; sbr. Tuvestrand 1977, 8). *Vulgata* varð á endanum útbreiddasta gerð kvæðanna (Wills og Gropper 2007). Í *Hugsvinnsmálum* má finna setningar sem ekki er hægt að tengja með beinum hætti við *Disticha Catonis* og hefur Hermann Pálsson lagt til þá skýringu að þessar setningar kunni að hafa verið þýddar upp úr viðbótarskýringum sem stóðu þá væntanlega með latneska kvæðinu (Hermann Pálsson 1985, 16). Bragarhátturinn veitir vísbendingar um tímasetningu *Hugsvinnsmála*, sem hafa að öllum líkindum ekki verið ort fyrr en á 12. öld og ekki síðar en á 13. öld, og eins eru uppi kenningar um skyldleika þeirra við *Hávamál* og *Sólarljóð* sem einnig eru spekikvæði ort undir ljóðahætti (Hermann Pálsson 1985, 21). Sumir hafa jafnvel velt fyrir sér hvort einn og sami höfundurinn væri að einhverjum þessara kvæða og Björn M. Ólsen taldi afar líklegt að sami maður hefði þýtt *Hugsvinnsmál* og ort *Sólarljóð* (Björn M. Ólsen 1915, 67, sbr. umfjöllun Hermanns Pálssonar 1985, 21).

Íslenskar 17. aldar þýðingar á *Disticha Catonis* eiga að öllum líkindum rætur að rekja til útgáfu Erasmusar frá 1515 (Halldór Hermannsson 1958, xxvii). Louis Perraud hefur bent á að athyglisvert sé, og komi jafnvel á óvart, að fræðimaðurinn og húanistinn Erasmus hafi sýnt *Disticha Catonis* áhuga og talið kvæðin henta til latínukennslu; hann var annars þekktur fyrir að gagnrýna miðaldatekta sem notaðir höfðu verið í kennslu á öldum áður og taldi þá gjarnan úrelta (Perraud 1988, 84). Útgáfa hans frá 1515 var gagnrýnd fyrir verkið sem valið var, en kvæðin þóttu gamaldags og ekki í samræmi við strauma og stefnur húanismans. Erasmus mótmælti þessu staðfastlega og hélt því fram að kvæðin hentuðu einkar vel til kennslu, annars vegar vegna þess að þau væru samin á ágættri latínu og hins vegar vegna þess að þau væru fyrirtaks síðalærdómur.

Áhugavert er að bera dálæti Erasmusar á *Disticha Catonis* saman við þýðingar- og útgáfusögu kvæðanna á 17. öld á Íslandi. Sá (eða þeir) sem kom að efnisvali handritsins AM 427 12mo og lét rita þýðingu Jóns Bjarnasonar í fremstu eininguna, annaðhvort upp eftir eftirritum

bókarinnar *Hólar Cato* eða eftir minni, hefur líklega haft svipað dálæti á kvæðunum og Erasmus sjálfur. Áhuginn hefur væntanlega beinst að innihaldi kvæðanna, fyrst og fremst, frekar en tengslum þeirra við latínu-menntun; í *Hólar Cato* er textinn prentaður á frummálinu, latínu, samhliða íslensku þýðingunni en í AM 427 12mo er eingöngu að finna íslensku þýðinguna. Því má álykta að kvæðin tali til fólks af ólíku þjóðerni á ólíkum tímum og standist tímans tönn að því leyti, allt frá 3. öld fyrir Krist fram til útgáfu Erasmusar á 16. öld og því næst íslenskum þýðingum og eftiritunum á 17. og 18. öld.

5. Þýðing Jóns Bjarnasonar

Latnesku tvílinungarnir *Disticha Catonis* eru ortir undir hexametrislum bragarhætti. Selena Connolly (2012) hefur velt upp þeim möguleika að kvæðin séu ort undir bragfræðilegum áhrifum frá *Eneasarkviðu* Virgils. Þó bendi stílbrögð textans, eða réttara sagt skortur á þeim, til þess að tvílinungarnir hafi öðru fremur verið ætlaðir ungu fólki — lítið sem ekkert sé um úrfellingar (e. *elision*) milli lína eða þá það stílbragð að setningu ljúki ekki í enda fyrstu línu tvílinungs heldur haldi áfram í þeirri næstu (e. *enjambement*) (Connolly 2012, 326). Af þessum sökum telur Connolly kvæðin hafa verið ort til kennslu og utanbókarlærdóms.

Jón Bjarnason orti tvær útgáfur af hverju erindi *Disticha Catonis* og eins og áður sagði er hvert erindi prentað í alls þremur útgáfum í *Hólar Cato*: fyrst á latínu og síðan í tveimur íslenskum útgáfum Jóns. Fyrri íslenska útgáfa hvers erindis er órímuð:

Guð er andi helgur og klár
því er hið hæsta allra ráða
hann að rækja af hreinum huga
og yfir allt fram að elska og dýrka.

(*Disticha moralia Catonis*, 8)²

Seinni útgáfan er hins vegar undir rímnaháttum, í fyrsta bindi (*liber primus*) undir stafhendum hætti (stuðlalagi) og þar eru braglinur stýfðar:

2 Stafsetning er samræmd til nútímahorfs hér og annars staðar þar sem vitnað er í frumheimildir.

Guð er andi einka hreinn
er því skylt að hver og einn
af klárum göfgi huganum hann
helst og best sem verða kann.

(*Distica moralia Catonis*, 8)

Í annarri bók (*liber secundus*) notast þýðandinn við braghendan hátt:

Vert þá ör er áttu helst og efnin hefur.
Nægir þeim er nokkuð gefur
nær sem þörf og tíminn krefur.

(*Distica moralia Catonis*, 17)

Í þeirri þriðju notast hann við ferskeyttan hátt þar sem fyrsta og þriðja lína eru órímaðar en önnur og fjórða lína ríma saman í kvenrími:

Stöðugur statt og gjör þér glatt
geðrauna á milli.
Hugur getur borið betur
ból þó gleðinni spilli.

(*Distica moralia Catonis*, 24)

Í fjórðu bók eru erindin undir ferhendum hætti og þar er samrím í hverju erindi:

Undrast mundir að orðin ber
inni finnur í vísunum hér.
Stutt því flutti ég fram fyrir þér
frægum hægra að minnast er.

(*Distica moralia Catonis*, 38)

Þýðandinn og skáldið Jón Bjarnason yfirfærir því hexametrískan hátt (sexliðahátt) frumtextans á algenga, íslenska rímnahætti síns tíma, svo sem staf- og braghendu.³ Fyrri útgáfa hvers erindis virðist nokkurs konar

3 Sjá t.d. umfjöllun um stafhendu og braghendu á óðfræðivefnum Braga (Bragi, óðfræðivefur, e.d.).

órimað uppkast að endanlegri útgáfu þess (Kristján Árnason 1999) en rímaða útgáfan hefur ef til vill þótt betur fallin til kennslu og utanbókarlærdóms á sambærilegan hátt og frumtextinn, sbr. umfjöllun Connelly. Halldór Hermannsson hefur þó bent á þann möguleika að rímaða útgáfan, sú sem birtist einnig í AM 427 12mo, hafi ekki þótt nægilega trú frumtextanum og því hafi Jón verið beðinn um að semja aðra útgáfu sem hæfði betur til kennslu kvæðanna (Halldór Hermannsson 1958, xxvii).

Jón Bjarnason var lengst af prestur í Presthólum í Öxarfirði (Jón Torfason o.fl. 2000, xxxvi). Hann var virkt skáld og þýðandi en athygli vekur hve stór hluti kveðskapar hans var ortur í heilræðastíl. Fyrir utan þýðingu hans á *Disticha Catonis* orti hann *Flokkavisur eða heilræðavisur*, sem ritaðar eru í AM 427 12mo og síðar verður vikið að, og þess utan birtust eftir hann *Síraksrímur* í *Vísnaþók* Guðbrands árið 1612. Í *Síraksrímunum* snýr Jón heilræðum úr forna spekiritinu *Síraksþók*, einni af apókrýfum bókum Gamla testamentisins, í rímur. Katelin Parsons hefur fært rök fyrir því að Jón Bjarnason hafi fyrst og fremst hugsað *Síraksrímur* til kennslu: „A single maxim can be confined to a memorable short 3-line or 4-line stanza, making it easier for a very young listener to comprehend, memorize and repeat individual teachings“ (Katelin Parsons 2020, 135). Þegar litið er yfir feril Jóns Bjarnasonar má því geta sér þess til að hann hafi haft áhuga og jafnvel dálæti á heilræðakvæðum (Jón Torfason o.fl. 2000, xxxvi) og enn fremur áhuga á að miðla þeim.

Útgáfa *Disticha Catonis* sem skrifuð er upp í AM 427 12mo, og á rætur að rekja til útgáfu Erasmusar frá 1515, er vanalega látin standa með formála sem inniheldur stuttan, óbundinn texta og 56 kjarnyrt spakmæli (lat. *breves sententiae*) (Wills og Gropper 2007). Formálinn er prentaður í *Hólar Cato* en í AM 427 12mo er hann hvergi að finna. Óbundni textinn í formálanum sem birtist í *Hólar Cato* segir frá föður sem hyggst kenna syni sínum góð ráð og lífsreglur. Formið er því nokkurs konar *ávarp* eða *bréf* (lat. *epistula*) (Wills og Gropper 2007). Þessi formáli birtist einnig í *Hugsvinnsmálum* en þar er erfiðara að greina hann frá meginmálinu þar sem hann er ortur undir ljóðahætti rétt eins og hinir hlutar verksins. Tengsl AM 427 12mo við *Hólar Cato* koma skýrt í ljós strax í upphafi handrísins; þó að formálinn sé ekki hafður með hefur skrifarinn ritað séríslenskan titil:

Cato hugsvinnsmál eða heilræði snúin í vísur ófróðum ungdómi og líka þeim eldri til nytsemdar sem hyggindin hafa kær og góðum síðum gegna vilja. Ort af séra Jóni Bjarnarsyni

ANNO 1638 (AM 427 12mo, 1r).

Titillinn sem ritaður er í handritinu á væntanlega rætur sínar að rekja til titilsins sem birtist í *Hólar Cato* árið 1620 en þó er ljóst að nokkur minni háttar tilbrigði eru á milli textanna:

CATO VEL. DISTICA MORALIA Catonis. Það er Hugsvinnsmál eða heilræði snúin í ljóðalag og vísna ófróðum ungdómi og líka þeim eldri til nytsemdar sem hyggindi hafa kær og góðum síðum gegna vilja. Af séra Jóni Bjarnarsyni. (*Distica moralia Catonis*, 3)

Markmiðið með ritun kvæðanna virðist ljóst frá fyrstu blaðsíðu: þau eru ætluð „ófróðum ungdómi“ en „líka þeim eldri“. Enn fremur er tekið fram að kvæðin búi yfir „hyggindum“ og „góðum síðum“. Sú ákvörðun að hafa þennan stutta inngang fremst í handritinu, í stað þess að byrja strax á fyrsta bindi kvæðanna sjálfra, rennir enn frekari stoðum undir þá kenningu að handritið sé ætlað til náms eða kennslu. Textinn ber þess merki að *Disticha Catonis* hafi þótt verðmæt kvæði og að þau gætu verið lesendum „til nytsemdar,“ fyrst og fremst þeim ungu og óreyndu sem skorti lífsreynslu.

Þórunn Sigurðardóttir (2017, 346) hefur bent á að vinsældir spekiljóða jukust eftir siðaskiptin og að með tilkomu prentsmiðjunnar á Hólum voru spekirit prentuð sem kennslubækur á fyrri hluta 17. aldar. *Hólar Cato* er ágætt dæmi um þessa þróun á sviði prentmenningar en áhugann má einnig greina í íslenskum handritum 17. aldar. Þórunn fjallar í þessu samhengi um persónulegt handrit, JS 204 8vo, sem gert var á Hólum árið 1676 handa Önnu Jónsdóttur (1650–1722). Í því eru sálmar og kvæði, m.a. eftir föður og systkin Önnu, auk bæna og bænaflokka (Þórunn Sigurðardóttir 2017, 347). Þórunn getur sér þess til að sumir textanna í handritinu hafi átt að styðja eigandann við uppeldi og kennslu barna sinna og sé jafnframt vitnisburður um að „konum hafi verið ætlað að sinna kennslu barna í heimahúsum (2017, 348). Athyglisvert er að þýðingu Jóns Bjarnasonar á *Disticha Catonis* er að finna í handritinu, beint í kjölfar bæna og sálma, en þar er hvert erindi skrifað tvisvar í tveimur ólíkum útgáfum Jóns á sama hátt og

þær eru prentaðar í *Hólar Cato*. Aðeins önnur af þessum tveimur útgáfum er hins vegar skrifuð í AM 427 12mo.

Almennt er talið að *Disticha Catonis* hafi ekki verið ort undir kristnum áhrifum en samkvæmt Hermann Pálssyni hafa latnesku spakmælin í seinni tíð þótt líkjast *Orðskviðum Gamla testamentisins* og *Sítraksbók* (Hermann Pálsson 1985, 12, sbr. Hazelton 1957). Í umfjöllun sinni um málshætti miðalda, með áherslu á *Disticha Catonis*, bendir Barry Taylor á eftirfarandi:

The distinctions in our texts between religious and secular and between popular and learned are frequently blurred, but always in the same direction: that is, the secular is often made religious and the popular made learned, but never vice-versa. (Taylor 1992, 31)

Að mati Taylors geta því veraldleg spakmæli og málshættir (e. *proverbs*) fengið á sig trúarlegan blæ en ekki öfugt. Sú aðferð að „kristnivæða“ veraldlegar bókmenntir er líklega best heppnuð ef kristin áhrif má sjá strax í upphafi verksins. Sú er til dæmis raunin í Eddu Snorra, þar sem hann ritar fyrirvara um trú sína á norræna goðafræði strax í upphafi verksins, og einnig í *Vulgötu*-útgáfu *Disticha Catonis* en bera má saman erindi sem birtist í *Hugsvinnsmálum* annars vegar og fyrsta erindi fyrstu bókar í þýðingu Jóns Bjarnasonar sem birtist í AM 427 12mo hins vegar:

Allra ráða tel ek þat bezt vera
at göfga æztan guð.
Með hreinu hjarta þú skalt á hann trúa
ok elska af öllum hug.

(*Hugsvinnsmál*, 80)

Guð er andi einka hreinn
er því skylt að hver og einn
af klárum göfgi huganum hann
helst og best sem verða kann.

(*Disticha moralia Catonis*, 5)

Viðhorf kvæðanna til dauðans er eftirtektarvert og stingur stundum óneitanlega í stúf við kristna heimsmynd. Lögð er áhersla á að ekki stoði að velta dauðanum fyrir sér eða að hræðast hann heldur sé betra að hugsa um lífið og allt það sem hægt er að njóta á meðan maður dregur andann. Fyrirbærið dauði er einnig notað í myndmáli og í formála þriðju bókar er því haldið fram að hraustur maður sem skorti menntun, eða er fáfróður, minni helst á dauðann sjálfan:

Af fróðleik mest sem fræðir best
 fyll þú brjóstið snauða,
 mannlíf hraust en menntalaust
 mynd er líkust dauða.

(*Distica moralia Catonis*, 23)

Í þessu erindi koma jafnframt fram viðhorf um þekkingarleit og hve mikilvægt er að mennta sig, eða „fylla brjóstið af fróðleik“. Dregin er upp mynd af mannlíkamanum sem nokkurs konar geymi sem hægt er að fylla og þó að líkaminn geti verið heilbrigður er hann líkastur dauða, eða líflaus, ef hann skortir fróðleik. Hér er líkaminn ekki fylltur andagift með hjálp trúarbragða eða guðrækni heldur með þekkingunni sjálfri. Þessi skilaboð ríma vel við strauma og stefnur á lærdómsöld, og síðar upplýsingaröld, þar sem áhugi á fræðaiðkun og þekkingarleit fór sífellt vaxandi.

Í kirkjuskípan Kristjáns III. Danakonungs frá 1537 er mælt með *Disticha Catonis* til kennslu og þar sem Ísland var hluti af danska konungsríkinu gætu þessi tilmæli hafa átt við héraendis einnig (Halldór Hermannsson 1957, xxvii). Við gerð kirkjuskípanarinnar var Kristján í beinum samskiptum við Erasmus (Chamsaz 2017) og í því ljósi verður að teljast athyglisvert að tilmæli um að nýta *Disticha Catonis* sem kennsluefni í skólum hafi ratað inn í meginmálið, eins umdeild og útgáfa Erasmusar á kvæðunum reyndist vera um tuttugu árum áður. Prentaða útgáfan *Hólar Cato* kann því að hafa komið fram á sjónarsviðið löngu eftir að uppskriftir af kvæðunum komust í almenna umferð á Íslandi og sú tilgáta veitir athyglisverða innsýn í samspil íslenskrar prent- og handritamenningar á 17. öld.

Carolyne Larrington telur að málsháttur þurfi að búa yfir vissum eiginleikum til þess að hann njóti vinsælda:

The paradox of the wisdom poem is that, while the Idea — the principle which can be extrapolated from experience — must be central, its expression must be firmly rooted in the actual. The demonstration of that Idea must be drawn from everyday life if it is to persuade us of the essential truth of the wisdom which it presents. (Larrington 1993, 222)

Samkvæmt henni tekst *Hávamálum* að flétta viskuna sem þau boða saman við aðstæður hversdagslegs lífs og af þeim sökum hafi þau almenna skírskotun. Að hennar mati vantar hins vegar samhengi í *Hugsvinnsmál* 13. aldar — samhengi sem er nauðsynlegt vilji höfundur ná til almennings (Larrington 1993, 222).

Larrington hefur einnig bent á að málshættir þurfi að búa yfir einhvers konar frásögn þrátt fyrir að þeir flokkist ekki sem frásagnarverk í hefðbundnum skilningi (Larrington 2019, 55). Sú kenning er í anda strúktúralisma og frásagnarfræða og byggir á þeirri hugmynd að frásagnir séu mönnum edlislægar og að lesendur sækist alltaf ómeðvitað eftir einhvers konar frásögn úr textum. Þetta kann að vera annað atriði sem þýðingu Jóns Bjarnasonar skortir en er til dæmis að finna í *Hávamálum* þar sem frásögnum af Óðni er skeytt saman við spakmælin og dregnar eru upp svipmyndir af hegðun manns í gestaboði. Íslenskar þýðingar *Disticha Catonis* á 17. öld virðast hafa haft það meginmarkmið að *fræða* og *kenna* fremur en nokkuð annað og eru því ef til vill úreltar — og ekki lesnar í nútímanum — einmitt af þeim sökum.

6. Flokkavísur eða heilræðavísur

Eins og fram hefur komið á Jón Bjarnason ekki einungis þýðingu í handritinu AM 427 12mo heldur hafa *Flokkavísur eða heilræðavísur* hans einnig verið skrifaðar upp í framleiðslueiningu 2, mitt á milli annarra sálma. Vísurnar eru alls 122 erindi í fjórum flokkum og því hefur ekki verið neitt smáræðisverk að skrifa þær upp; til að mynda má benda á að þýðing Jóns á *Disticha Catonis* spannar alls 17 blöð í handritinu (1r–17v) en *Flokkavísur* hans alls 22 blöð (39v–61r). Þessir tveir kvæðaflokkar eiga ýmislegt sameiginlegt þegar kemur að þemum og umfjöllunarefni en *Flokkavísur eða*

heilræðavísur birtust fyrst í *Vísnaþók* Guðbrands Þorlákssonar árið 1612 (sjá t.d. útgáfu Jóns Torfasonar o.fl. 2000).

Eins og titillinn gefur til kynna eru vísurnar safn ýmissa heilræða sem skáldið setur skipulega fram í fjórum flokkum og snýst hver flokkur um einn mannkost eða dyggð: vísu (*prudentia*), réttvísi (*iustitia*), hughreysti (*fortitudo*) og hófsemi (*temperantia*). Hér spreytir skáldið sig á dróttkvæðum hætti þar sem eru átta braglínur, skothendingar (hálfím) í frumlínunum og aðalhendingar (alrím) í síðlínunum:

Fjórar frægar stýra
frómleik, veg og sóma
allra manna í milli,
marghæfar til gæfu.
Fríðum fylgir systurum
fjöldi af dyggðum völdum.
Þær prýða dýrum dáðum
dreng þann eftir gengur.

(*Flokkavísur eða heilræðavísur í Vísnaþók Guðbrands*, 422)

Þó að *Disticha Catonis*, *Hugsvinnsmál*, *Flokkavísur eða heilræðavísur* og *Hávamál* fjalli um margar og fjölbreyttar hliðar mannglegrar tilveru þá snúast að minnsta kosti nokkur erindi í hverjum kvæðaflokki um hvernig best sé að haga orðum sínum, sem og hvenær skynsamlegt sé að tala og hvenær ekki. Til að sýna fram á þetta er hér birt eitt erindi úr hverjum vísnaþók þar sem umfjöllunarefnið er illindi sem geta skapast af orðaskiptum:

73.
Tveir eru eins herjar:
Tunga er höfuðs bani.
Er mér í héðin hvern
handar væni.

(*Hávamál*, 123)

139.

Heiptar orða
gersktu eigi hefnisamr,
heldr skaltu væginn vera.
Af þeiri gæzku
máttu þér gera er halda má;
vísa fjáendr at vinum.

(*Hugsvinnsmál*, 147)

11.

Við kompan þinn þú þrasa ei
með þykkju sárri,
reisist opt af ræðu smárri
rimman stór með deilu hárrí.

(*Distica moralia Catonis*, 18)

7.

Hörð undirtekt orða
uppvekur heift freka,
gjalda glæðist eldur
geyst af slíkum neista.
Mjúk svör og máls speki
mæðir og stillir bræði,
vinnur mest með munni
maðurinn gagn og skaða.

(*Flokkavísur eða heilræðavísur í Vísnaþók Guðbrands*, 434)

Hávamálum lýkur á svokölluðum „ljóðalokum“ þar sem lesandinn er ávarpaður: „Heill sá er kvað! / Heill sá er kann! / Njóti sá er nam! / Heilir þeir er hlýddu!“ (*Hávamál*, 145). Hér er gagnsemi kvæðanna ítrekuð og tilgangur þeirra tekinn fram: þeim er ætlað að vera „numin“ eða lærð og það er einmitt þannig sem þeirra er best notið. *Flokkavísur* Jóns Bjarnasonar fylgja svipaðri byggingu en þær enda á tveimur erindum þar sem ljóðmælandi tekur saman verk sitt og útskýrir að kvæðin séu aðferð til kennslu og að ráðin sem gefin eru í kvæðunum séu beinlínis kennd: „Ráð hef eg kennd í kvæði, / kort með orðum snortið. / Meina eg mörgum sýnist / mæt þeim vel að gæta“ (*Vísnaþók Guðbrands*, 437).

7. Niðurstöður

Hér hafa málsáttakvæði Jóns Bjarnasonar í AM 427 12mo verið skoðuð og borin saman við *Hugsvinnsmál* 13. aldar sem og *Hávamál*. Þýðing Jóns á *Disticha Catonis* birtist fyrst á prenti í *Hólar Cato* árið 1620 en þá var hún prentuð samhliða latneska frumtextanum og margt bendir til þess að um kennslubók hafi verið að ræða. Tengsl þýðingarinnar við texta sem talið er að hafi verið ætlaðir til kennslu, svo sem latneska frumtextann *Disticha Catonis* og *Síraksrímur* Jóns Bjarnasonar, eru vísbendingar um að handritið AM 427 12mo hafi gegnt menntunarhlutverki. Enn fremur eru kenningar Kwakkels um framleiðslu- og notkunareiningar gagnlegar til að rannsaka hvernig ólíkir hlutar handritsins voru notaðir og þannig er hægt að fá skýrari mynd af notagildi handritsins í heild sinni. Málsáttasöfnin *Disticha Catonis* og *Flokkavísur eða heilræðavísur* eru í tveimur ólíkum framleiðslueiningum sem síðar virðast hafa verið notaðar saman og myndað eina notkunareiningu.

Á ritunartíma AM 427 12mo var pappír orðinn aðgengilegrí öllum stigum samfélagsins og þegar komið var fram á miðja 17. öld var nær eingöngu notast við pappír við handritagerð (sjá Arna Björk Stefánsdóttir 2013). Ljóst er að gerð handrita var annars eðlis en prentrita á 17. öld og til að mynda voru handrit þess tíma gjarnan samansafn efnis sem valið var út frá persónulegum smekk og sett saman fyrir tilefni á borð við gjafir eða til annars konar persónulegra nota (sjá t.d. Parsons 2020, 189). Handritið JS 204 8vo, sem ritað var á Hólum handa Önnu Jónsdóttur, er gott dæmi um slíka gjöf en innan um bænir og sálma má þar finna þýðingu Jóns Bjarnasonar á *Disticha Catonis*. Ef til vill gegndi þýðingin menntunarhlutverki í bæði JS 204 8vo og AM 427 12mo en sú menntun hefur verið óformlegri og persónulegrí í samanburði við prentritið *Hólar Cato*. Þannig endurspeglast ólík notagildi prent- og handrita sem geyma sömu texta.

Í AM 427 12mo eru kvæðin eingöngu á íslensku og þó að þau hafi gjarnan verið notuð við latínukennslu í Evrópu á miðöldum virðist merking þeirra og boðskapur hafa skipt mestu máli við gerð handritsins enda er latnesku útgáfuna hvergi að finna. Í handritinu eru ýmis tilbrigði frá texta bókarinnar *Hólar Cato* og það kann að benda til þess að útgáfan í AM 427 12mo sé ekki beintengd prentuðu útgáfunni; mögulegt er að hún sé afurð handritamenningar og texta sem kunna að hafa verið í umferð áður en *Hólar Cato* var prentuð. Tilbrigðin frá texta *Hólar Cato* gætu því verið vísbending um að kvæðin hafi notið vinsælda og dreifst víða.

Íslenskir þýðendur *Disticha Catonis* á 13. og 17. öld leituðust við að koma hugsuninni sjálfri til skila á því formi sem þeir töldu líklegt að næði til almennings, miklu fremur en að beinþýða latneska frumtextann orð fyrir orð. Í báðum tilfellum setja þeir textann í bundið mál, 13. aldar þýðandinn undir ljóðahætti en 17. aldar þýðendurnir, Jón Bjarnason og Bjarni Gissurarson, undir algengum rímnaháttum síns tíma.⁴ Jón Bjarnason var eitt af höfuðskáldum *Vísnaþókar* Guðbrands og þekkt er að Guðbrandur Þorláksson lagði áherslu á að fræðsluefni skyldi lagt fram í vísnaformi.⁵ Annað höfuðskáld bókarinnar, Einar Sigurðsson í Eyðölum, yrkir svo í formála til lesandans: „Kvæðin hafa þann kost með sér / þau kennast betur og lærast gjör“ (*Vísnaþók Guðbrands* 2000, xiv). Enn fremur yrkir Einar eftirfarandi línur í mansöng fyrstu rímu af *Bókinni Júdíti*: „Skáldin hafa það skrifað í letur / skal því allvel trúa, / að lesnar sögurnar lærist betur / ef í ljóð þeim mætti snúa“ (*Vísnaþók Guðbrands* 2000, xv, sbr. umfjöllun í inngangi Jóns Torfasonar o.fl. 2000, xiv–xv). Formgerðin ljær hugsuninni ramma sem getur auðveldað lesendum að ná merkingunni, auk þess sem auðveldara er að muna texta með ákveðnum formeinkennum á borð við rím og stuðla.

Í þessu samhengi má aftur benda á *Síraksrímur* Jóns Bjarnasonar sem hann orti upp úr *Síraksþók* (Parsons 2020, 135). Rímur voru vinsælar á þessum tíma, ekki síst í flutningi, og ef til vill hefur Jón valið sér rímniformið í von um að ná til fleiri lesenda, áheyrenda og jafnvel nemenda. Hvort sem ætlunarverk hans tókst eður ei veita verk hans og uppskriftir þeirra í handritum dýrmætar upplýsingar um stöðu málsháttakvæða í íslensku samfélagi fyrri alda.

- 4 Kristján Árnason (1999) hefur fjallað um ferskeytluformið sem Bjarni yrkir þýðingu sína á og telur þýðingu hans „beittari og skýrari“ en þýðingu Jóns, einkum vegna bragarháttarins sem Bjarni notar.
- 5 Í formála að *Sálmabók* sinni frá 1589 segir Guðbrandur t.a.m. að vísur og kvæði „fái menn fljótara lært og numið“ en óbundið mál (Jón Torfason o.fl. 2000, xiv).

HEIMILDIR

HANDRIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík
AM 427 12mo

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík
JS 204 8vo

FRUMHEIMILDIR

- Distica moralia Catonis.* 1958. Jón Bjarnason íslenskaði. Útg. Halldór Hermannsson. *The Hólar Cato: an Icelandic schoolbook of the seventeenth century.* Islandica 39. Ithaca, N.Y.: Cornell University Press.
- Hávamál.* 1999. Útg. Hermann Pálsson. *Hávamál í ljósi íslenskrar menningar.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hugsvinnsmál.* 1977. Útg. Birgitte Tuvestrands. *Hugsvinnsmál: handskrifur och kritisk text.* Lund: Distribution, Studentlitteratur.
- Vísnaðók Guðbrands.* 2000. Útg. Jón Torfason og Kristján Eiríksson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.

FRÆÐIRIT

- Aðalsteinn Halldórsson, Ari Gíslason og Guðmundur Illugason. 1975. *Borgfirzkar æviskrár* IV. Akranesi: Sögufélag Borgarfjarðar.
- Alexander, G. (1931). Studien über die Hugsvinnsmál. *Zeitschrift Für Deutsches Altertum Und Deutsche Literatur*, 68 (1/2), bls. 97–127. <http://www.jstor.org/stable/20653118> (mars 2024).
- Arna Björk Stefánsdóttir. 2013. Um upptöku pappírs á Íslandi á sextánda og sautjándu öld. *Sagnir: tímarit um söguleg efni* 30:226–236.
- Björn M. Ólsen (ritaði athugasemdir). 1915. *Sólarljóð gefin út með skiringum og athugasemdum af Birni M. Ólsen.* Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Bragi, óðfræðivefur. (e.d.). *Braghent – samrímáð eða braghenda samrímud.* Árnastofnun. Sótt af <https://bragi.arnastofnun.is/bragarhattur.php?BID=2082> (ágúst 2024).
- Bragi, óðfræðivefur. (e.d.). *Stafhent eða stafhenda (studlatalag).* Árnastofnun. <https://bragi.arnastofnun.is/bragarhattur.php?BID=853>.
- Chamsaz, P. 2017. *„Mild measures are of no use“: The Danish Church Order (1537), Doctor Pmeranus, and Henry VIII.* European studies. Sótt af <https://blogs.bl.uk/european/2017/12/the-danish-church-order-1537.html> (mars 2024).

- Connolly, S. 2012. The Meter of the *Disticha Catonis*. *The Classical Journal*, 107(3): 313–329. <https://doi.org/10.5184/classicalj.107.3.0313> (ágúst 2024).
- Fljúgandi diskur á miðöldum. 1967, 25. janúar. *Morgunblaðið*, bls. 3.
- Frans, Victor. 2023. Cato the Icelander. *The Journal of English and Germanic Philology* 122 (3):293–319.
- Guðrún Ingólfssdóttir. 2011. *Í hverri bók er mannsandi: handritasýrpur – bókmenning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld*. Studia Islandica 62. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands.
- Halldór Hermannsson. 1958. Introduction. *The Hólar Cato: an Icelandic schoolbook of the seventeenth century*. Islandica 39. Ithaca, N.Y.: Cornell University Press.
- Hazelton, R. 1957. The Christianization of ‚Cato‘: The *Disticha Catonis* in the Light of Late Medieval Commentaries. *Medieval Studies* 19:157–173.
- Hermann Pálsson. 1985. *Áhrif Hugsvinnsmála á aðrar fornþekkingarritir*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson (rituðu inngang). 2000. Inngangur. Í: Jón Torfason og Kristján Eiríksson (útg.). *Vísnaðbók Guðbrands*, vii–li. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Kristján Árnason. 1999. „Ljóðaþýðingar úr latínu fyrir 1800.“ *Vefnir 2*, án bls.
- Kwakkel, E. 2002. Towards a terminology for the analysis of composite manuscripts. *Gazette du livre médiéval* 41:12–19.
- Larrington, C. 1993. *A Store of Common Sense: Gnomie Theme and Wisdom in Old Icelandic and Old English Wisdom Poetry*. Oxford: Clarendon Press.
- Larrington, C. 2019. New Thoughts on Old Wisdom: Norse Gnomie Poetry, the Narrative Turn and Situational Ethics. *Medieval and Renaissance Texts and Studies* 542. Í: Cichon, M. og Liu, Y. (ritstj.), *Proverbia Septentrionalia: Essays on Proverbs in Medieval Scandinavian and English Literature*, bls. 55–68. Tempe, Arizona: Arizona Center for Medieval and Renaissance Studies.
- Moseley, J. W. og Pflock, K. T. 2002. *Shockingly Close to the Truth!: Confessions of a Grave-Robbing Ufologist*. Amherst, NY: Prometheus Books.
- Parsons, K. M. 2020. Songs for the End of the World: The Poetry of Guðmundur Erlendsson of Fell in Sléttuhlíð [doktorsritgerð]. Opin vísindi. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2141> (mars 2024).
- Perraud, L. A. 1988. A Document of Humanist Education: Erasmus’s Commentary on the *Disticha Catonis*. *Quidditas* 9:83–92. <https://scholarsarchive.byu.edu/rmmra/vol9/iss1/8> (mars 2024).
- von See, Klaus. 1981. *Edda, Saga, Skaldendichtung: Aufsätze zur skandinavischen Literatur des Mittelalters*. Heidelberg: Winter.
- Taylor, B. 1992. Medieval Proverb Collections: The West European Tradition. *Journal of the Warburg and Courtauld Institutes* 55:19–35. <https://doi.org/10.2307/751418> (mars 2024).
- Tuvestrand, B. 1977. *Hugsvinnsmál: handskrifer och kritisk text*. Lund: Distribution, Studentlitteratur.

- Wills, T. og Gropper, S. 2007. Anonymous, Hugsvinnsmál. Í: Ross, M. C. og Guðrún Nordal (ritstj.), *Poetry on Christian Subjects*, bls. 358–449. Turnhout: Brepols.
- Þórunn Sigurðardóttir. 2017. „Dyggðafull kona er ein eðla gáfa“: Menningarleg mótun kyngervis á 17. öld.“ Í: Hjalti Hugason o.a. (ritstj.). *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, bls. 337–336. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

ÁGRIP

„Ráð hef ég kennd í kvæði“: Málsháttakvæði Jóns Bjarnasonar í AM 427 12mo

Efnisorð: spekikvæði, málshættir, *Disticha Catonis*, Jón Bjarnason, AM 427 12mo

Þessi grein fjallar um 17. aldar pappírshandritið AM 427 12mo og málsháttakvæði sem í því hafa varðveist. Ferill handritsins er rakinn og því skipt í framleiðslu- og notkunareiningar út frá kenningum Kwakkels með það að markmiði að skoða viðtökur málsháttakvæða og stöðu þeirra í íslensku samfélagi síðari alda. Rýnt er í þýðingu Jóns Bjarnasonar (um 1560–1633) á málsháttakvæðunum *Disticha Catonis*, sem birtist í handritinu, og hún borin saman við þrjá aðra málsháttaflokkka: *Hugsvinnsmál*, 13. aldar þýðingu á *Disticha Catonis*, *Flokkavísur eða heilræðavísur* Jóns Bjarnasonar, sem einnig eru skrifuð upp í AM 427 12mo, og *Hávamál*. Fjallað er um tengsl handritsins við prentuðu kennslubókina *Hólar Cato* frá 1620 og notagildi málsháttasafna í hand- og prentritum 17. aldar. Þannig er leitast við að veita innsýn í þróun á viðtökum málsháttakvæða í íslensku samfélagi og tengslum þeirra við handritamenningu síðari alda.

SUMMARY

“Ráð hef ég kennd í kvæði”: Jón Bjarnason's Gnomonic Poetry in AM 427 12mo

Keywords: gnomonic poetry, proverbs, *Disticha Catonis*, Jón Bjarnason, AM 427 12mo

This article discusses the seventeenth-century paper manuscript AM 427 12mo and the gnomonic poetry it contains. The provenance of the manuscript is examined, and the manuscript's structure is analysed using Kwakkel's concept of production and usage units, with the objective of examining the reception of gnomonic poetry and its status in post-Reformation Icelandic society. Jón Bjarnason's (1560–1633) translation of the gnomonic poetry collection *Disticha Catonis*, which is preserved in

the manuscript, is compared to three other proverbial collections: *Hugsvinnsmál*, a thirteenth-century translation of *Disticha Catonis*; Jón Bjarnason's *Flokkavísur eða heilræðavísur*, which is also copied in AM 427 12mo; and *Hávamál*. The relationship between the manuscript and the printed textbook *Hólar Cato* from 1620 is addressed, as well as the use of proverbial collections in Icelandic seventeenth-century manuscripts and printed books. Thus, the aim is to provide insight into the development of the reception of gnomic poetry in Icelandic society and its relationship with the manuscript culture of later centuries.

Guðrún Brjánsdóttir, doktorsnemi
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum / Háskóli Íslands
Eddu við Arngrímögötu
IS-107 Reykjavík
gudrun.brjansdottir@arnastofnun.is